

AUGLÝSING

um staðfestingu á samkomulagi milli Sveitarfélagsins Árborgar og Flóahrepps um breytingu á mörkum sveitarfélaganna.

Á grundvelli 3. mgr. 4. gr. sveitarstjórnarlaga, nr. 138/2011, hefur samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytið staðfest samkomulag Sveitarfélagsins Árborgar og Flóahrepps um breytingu á mörkum sveitarfélaganna, samanber samþykkt bæjarráðs Sveitarfélagsins Árborgar frá 11. janúar 2018 og samþykkt sveitarstjórnar Flóahrepps frá 4. apríl 2018.

Um er að ræða 16.173 m² landsvæði í Flóahreppi, lnr. 192176 og 192177, sem liggur að sveitarfélagamörkum við Sveitarfélagið Árborg austan við Selfoss og verður eftir breytinguna innan marka Sveitarfélagsins Árborgar.

Auglýsing þessi öðlast þegar gildi.

Samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytinu, 29. júní 2018.

F. h. r.

Ragnhildur Hjaltadóttir.

Ólafur Kr. Hjörleifsson.